

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2015, miðvikudaginn 26. ágúst kl. 09:10 var haldinn 116. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Vindheimum. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, S. Björn Blöndal, Kristín Soffía Jónsdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson, Áslaug María Friðriksdóttir, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir og Svavar Helgason áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Ólafur Bjarnason, Magnús Ingi Erlingsson og Marta Grettisdóttir.

Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

(D) Ýmis mál

1. **Gilsárstekkur 8**, kæra 51/2014, umsögn, (04.612.0) Mál nr. SN140315
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 19. júní 2014 ásamt kæru, dags. 17. júní 2014 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa frá 11. mars 2014 að breyta innra fyrirkomulagi, breyta bílgeymslu í móttökuherbergi og byggja ofan á svalir á annarri hæð hússins á lóðinni nr. 8 við Gilsárstekk. Gerð er krafa um stöðvun framkvæmda. Lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 12. nóvember 2014. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 9.júlí 2015. Úrskurðarorð: Fellt er úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúa um að veita leyfi til að breyta húsinu að Gilsárstekk 8 í skrifstofuhúsnæði, breyta innra fyrirkomulagi þess og breyta bílgeymslu í móttökuherbergi.
Kynnt.

Harri Ormarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. **Gilsárstekkur 8**, kæra 111/2014, umsögn, (04.612.0) Mál nr. SN140550
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 16. október 2014 ásamt kæru, dags. 14. s.m. þar sem kærð er ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs frá 27. ágúst 2014 að breyta deiliskipulagi Breiðholts I vegna lóðarinnar nr. 8 við Gilsárstekk. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 12. nóvember 2014. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 9.júlí 2015. Úrskurðarorð: Vísað er frá úrskurðarnefndinni kröfu kæranda um ógildingu á þeirri ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs frá 27. ágúst 2014 að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna lóðarinnar nr. 8 við Gilsárstekk.
Kynnt.

Harri Ormarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Gísli Garðarsson tekur sæti á fundinum kl. 9:30.

3. **Miðborgin**, fornleifauppgröftur Mál nr. SN150477

Kynnt hugmynd að varðveislu fornminja í miðborginni.

Fulltrúar Minjastofnunar Kristín Huld Sigurðardóttir, Pétur Ármannsson, Gunnþóra Guðmundsdóttir og Kristinn Magnússon taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(A) Skipulagsmál

4. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa** Mál nr. SN010070

Reykjavík, fundargerð

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 21. ágúst 2015.

5. **Laugavegur 59**, breyting á deiliskipulagi (01.173.0) Mál nr. SN150436
410612-0110 Trípólí sf., Klapparstíg 16, 101 Reykjavík
550570-0259 Vesturgarður ehf., Laugavegi 59, 101 Reykjavík

Á fundi skipulagsfulltrúa 31. júlí 2015 var lögð fram umsókn Vesturgarðs ehf. dags. 29. júlí 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.173.0 vegna lóðar nr. 59 við Laugaveg. Í breytingunni felst að byggja inndregna þakhæð ofan á núverandi hús og breyta 3. og 4. hæð hússins í íbúðir, samkvæmt uppdrætti Trípólí arkitekta dags. 29. júlí 2015.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Umhverfis og skipulagsráð samþykkti jafnframt að fela skipulagsfulltrúa að upplýsa íbúa í nágrenninu sérstaklega um auglýsinguna. Vísað til borgarráðs.

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir vísar af undir þessum lið.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **Keilugrandi/Boðagrandi**, breyting á deiliskipulagi (01.513.3) Mál nr. SN150467
130473-5559 Jón Valgeir Björnsson, Brávallagata 4, 101 Reykjavík

Lögð fram verklýsingu umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa dags. 21. ágúst 2015 vegna breytingar á deiliskipulagi lóðanna nr. 1 við Keilugranda og nr. 2 og 2A við Boðagranda. Frestað

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. **Kjalarnes, Esjumelar**, lýsing Mál nr. SN150253

Lögð er fram lýsing dagsett 5. maí 2015 vegna deiliskipulags fyrir Esjumela á Kjalarnesi. Um er að ræða 50 hektara stækkun til austurs á núverandi athafnasvæði Esjumela við Vesturlandsveg, þar sem gert verður ráð fyrir fjölbreyttu framboði athafnalóða af mismunandi stærðum og gerðum. Einnig er lögð fram umsögn Vegagerðarinnar dags. 9. júní 2015, umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 19. júní 2015, umsögn skipulagsstofnunar dags. 18. júní 2015, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. júní 2015, umsögn hverfisráðs Kjalarness dags. 23. júní 2015, umsögn Orkuveitu Reykjavíkur - Veitna dags. 24. júní 2015, umsögn Veðurstofu Íslands dags. 24. júní 2015, bréf skipulagsnefndar Mosfellsbæjar dags. 25. júní 2015, fundargerð hverfisráðs Kjalarness dags. 11. júní 2015 og umsögn Umhverfisstofnunar dags. 25. júní 2015. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. ágúst 2015. Kynnt.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

8. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa**, Fundargerð Mál nr. BN045423

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa nr. 839 frá 25. ágúst 2015.

Áslaug María Friðriksdóttir víkur af fundi kl. 11:20 Herdís Anna Þorvaldsdóttir tekur sæti á fundinum á sama tíma. Þá var jafnframt búið að kynna lið 13 dagskránni Sundlaugavegur 32, tjaldsvæði.

9. **Fríkirkjuvegur 11, Breytingar úti og inni,** (01.183.413) Mál nr. BN049604
breytt notkun
631007-1630 Novator F11 ehf, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að innrétta veitinga- og ráðstefnusal fyrir 160 gesti þar sem sótt verður um tækifærisleyfi fyrir hvern viðburð í kjallara og á 1. hæð, lækkuð verður gólfplata í hliðarsal, taka niður svið í sal í sömu hæð og gólfplatan, koma fyrir salernum, koma fyrir matarlyftu/þjónustulyftu við eldhús og fólkslyftu frá kjallara upp á 1. hæð ásamt öðrum breytingum sem nefndar eru í byggingalýsingu á teikningu og sótt er um leyfi til að innréttuð verður íbúð á 2. hæð og í risi, fjarlægður verður stigi á milli 1. og 2 hæðar og hann geymdur, breyta núverandi útitröppum við suðurgafli, koma fyrir lyftu vegna aðkomu hreyfihamlaða og fjölga þakgluggum á austanverðu úr 2 í 6 stykki í húsinu á lóð nr. 11 við Fríkirkjuveg. Einnig er lagt fram minnisblað byggingarfulltrúa dags. 17. ágúst 2015.

Bréf frá hönnuði dags. 16. júní 2015 og aftur 15. júlí 2015, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 9. júní 2015, bréf frá Forsætisráðuneytinu dags. 12 maí 2015 og Greinargerð hönnuðarstjóra dags. 16. júní 2015 fylgir erindinu. Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 9. júlí 2015 fylgir erindinu.

Gjald kr. 9.823

Frestað.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

10. **Sorpa bs., fundargerðir** Mál nr. US130002

Lögð fram fundargerð Sorpu bs. nr. 352 frá 21. ágúst 2015.

11. **Sorpa, endurvinnslustöðvar** Mál nr. US150178

Kynnt staða og framtíðarskipulag endurvinnslustöðva Sorpu.
Björn H. Halldórsson kynnir

Guðmundur B.Friðriksson skrifstofustjóri og Eygerður Margrétardóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

12. **Esja, svifbraut** Mál nr. US140145
681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 1. júlí 2015 var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 10. júlí 2014 ásamt skýrslu VSÓ ráðgjafar dags. júní 2014 varðandi svifbraut í Esju. Einnig eru lagðar fram umsagnir umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 5. ágúst 2014 og 18. júní 2015 til Skipulagsstofnunar.

Lagt fram að nýju ásamt niðurstöðu Skipulagsstofnunar, dags. 24. júlí 2015 um matsskyldu svifbrautar í Esju í kjölfar breytinga á framkvæmdalýsingu.

(C) Fyrirspurnir

13. **Sundlaugavegur 32, tjaldsvæði, (fsp) afnot** (01.3) Mál nr. SN150389
af landi
690709-0150 Spor í sandinn ehf, Grund, 311 Borgarnes

Lögð fram fyrirspurn Hjördísar Sigurðardóttur stofnanda Spors í sandinn ehf. dags. 2. júlí 2015 varðandi mögulega staðsetningu sjálfbærrar gróðurhvelvingar á lóð sem er í leigu rekstraraðila tjaldsvæðis við hlið Laugardalslaugar, samkvæmt kynningargögnum.

Hjördís Sigurðardóttir kynnir.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Gísli Garðarsson vísar af fundi kl 12:30

Líf Magneudóttir tekur sæti á fundinum á sama tíma.

14. **Hallgrímstorg 3 / Hnitbjörg**, (fsp) Mál nr. SN140276
viðbygging
440269-7969 Listasafn Einars Jónssonar, Pósthólf 1051, 121 Reykjavík

Á fundi skipulagsfulltrúa 6. júní 2014 var lögð fram fyrirspurn Listasafns Einars Jónssonar dags. 3. júní 2014 varðandi einnar hæðar viðbyggingu við Listasafn Einars Jónssonar. Einnig er lögð fram greinargerð dags. 2. júní 2014 og umsögn Minjasafns Reykjavíkur dags. 4. nóvember 2010. Einnig er lagður fram tölvupóstur Sigríðar M. Ólafsdóttur safnstjóra Listasafns Einars Jónssonar dags. 25. júní 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júní 2014.

Umhverfis- og skipulagsráð tekur jákvætt í að unnið verði deiliskipulag með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 20. júní 2014.

Margrét Þormar verkefnisstjóri situr fundinn undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

15. **Betri Reykjavík**, breyta nafninu á höfða (t.d. Mál nr. US130210
Bíldshöfða) í Svarthöfða
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram efsta hugmynd júlímánaðar úr flokknum skipulagsmál "Breyta nafninu á höfða (t.d. Bíldshöfða) í Svarthöfða" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. júlí 2013 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn byggingarfulltrúa dags. 26. ágúst 2015.

Umsögn byggingarfulltrúa dags. 26. ágúst 2015 samþykkt.
Vísad til borgarráðs.

16. **Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna Mál nr. US150172
lóðar Landsbankans við Aus,**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 12. ágúst 2015 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi tillögu:

"Við fögnum því að stjórnendur Landsbankans hafi ákveðið að staldra við og endurskoða áform um uppbyggingu 16.000 fermetra höfuðstöðva á Hörpureitnum. Austurbakki er lykilsvæði í þróun miðborgarinnar og því mikilvægt að hugsa vandlega öll þau skref sem þar eru stigin. Sem betur fer hafa grunnhugmyndir að deiliskipulagi svæðisins þroskast frá því að það var unnið árið 2005 og ýmsar breytingar verið gerðar á skipulaginu. Upphaflega var t.d. skoðað að nýta umrædda lóð Landsbankans fyrir nýbyggingar Listaháskólans og náttúruvísindasafn. Þær skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið hafa aðallega miðast við samgöngumannvirki eða einstakar lóðir án þess að því hafi fylgt heildarmat á áhrifum breytinganna á miðborgarsvæðið.

Lagt er til að það svigrúm sem skapast hefur með ákvörðun stjórnenda bankans verði nýtt til að vinna með Landsbankanum að því að finna viðunandi framtíðarstaðsetningu í borginni fyrir höfuðstöðvar bankans.

Skipulag lóðar bankans á Austurbakka verði endurskoðað. Eftt verði til samkeppni um nýtingu lóðar Landsbankans og leitað eftir hugmyndum frá fagfólki og almenningi um það hvernig lóðin muni best nýtast í heildarsamhengi miðborgarinnar. "

Lögð fram eftirfarandi frávísunartillaga fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmars Sveinssonar, Kristínar Soffíu Jónsdóttur, fulltrúa Bjartrar framtíðar S. Björns Blöndal fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Lífur Magneudóttur, fulltrúa Pírata Svavars Helgasonar.

"Umrædd lóð er í samþykktu skipulagi og er á forræði Landsbankans. Ríki og borg seldu lóðina til bankans eftir útboð árið 2013. Skipulagsáætlanir hafa gert ráð fyrir að byggt verði á lóðinni allt frá því að tónlistarhúsi þjóðarinnar, Hörpu var valinn staður á

svæðinu. Uppbygging á lóðinni er mikilvæg, svo þarna verði ekki áfram hola, stórt sár í borgarmyndinni. Þá er líka æskilegt að þarna verði um fjölmennan vinnustað að ræða, sem verður bakland þjónustu og verslunar í miðborginni. Afar mikilvægt er að jarðhæðir nýbyggingarinnar verði opin og lifandi almenningsrými, eins og skipulagið gerir ráð fyrir. Best færi á því að sem allra stærsti hluti jarðahæðanna yrði þannig. Mælist umhverfis- og skipulagsráð til að því verði beint til lóðahafa en vísar fyrirbyggjandi tillögu að öðru leyti frá.“

Frávísunartillagan tekin til atkvæðagreiðslu og samþykkt með 4 atkvæðum fulltrúa samfylkingarinnar Hjálmars Sveinssonar og Kristínar Soffíu Jónsdóttur, fulltrúa-Bjartrar framtíðar S. Björns Blöndal og fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Lífur Magneudóttur. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttur situr hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks Júlíus Vífill Ingvarsson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir greiða atkvæði gegn tillögunni og bóka:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að unnið verði með Landsbankanum að því að finna aðra framtíðarstaðsetningu í borginni fyrir höfuðstöðvar bankans og að skipulag lóðarinnar við Austurbakka verði endurskoðað. Þá er lagt til að efnt verði til samkeppni um nýtingu lóðarinnar á Hörpureitnum og leitað eftir hugmyndum frá fagfólki og almennungi um það hvernig lóðin muni best nýtast í heildarsambandi miðborgarinnar.

Stjórnendur Landsbankans hafa ákveðið að staldra við og gera hlé á fyrri byggingaráformum sínum og þar af leiðandi hefur skapast svigrúm til samtals við lóðarhafa um nýtingu lóðarinnar.

Afstaða fulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna vekur furðu. Tillaga um að fara betur yfir skipulag á einni mikilvægustu lóð miðborgarinnar er hafnað á þeim forsendum að það þoli ekki bið að fylla holu. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja mikilvægara að hugsa til framtíðar og vanda alla skipulagsvinnu.

Sú afstaða meirihlutans að allt sem í eina tíð var ákveðið í borgarskipulagi skuli standa óhaggað lýsir hvorki metnaði né hugmyndauðgi hans.

Frávísunartillaga meirihlutans er ódýr leið til að losna undan því að taka afstöðu til tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

17. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, reitur 1.154.3, Barónsreitur**, breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur (01.154.3) Mál nr. SN150391

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 20. ágúst 2015 um samþykkt borgarráðs s.d. varðandi breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur vegna Barónsreits, stefna um hæðir húsa og fjölda íbúða.

18. **Fegrunarnefnd**, tilnefningar 2015 Mál nr. US150167

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 20. ágúst 2015 varðandi samþykkt borgarráðs s.d. um tillögur fegrunarnefndar að tilnefningum til viðurkenninga.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:40

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

S. Björn Blöndal
Líf Magneudóttir
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Júlíus Vífill Ingvarsson
Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2015, þriðjudaginn 25. ágúst kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 839. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erna Hrönn Geirsdóttir, Eva Geirsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Björn Kristleifsson, Óskar Torfi Þorvaldsson og Jón Hafberg Björnsson. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Austurberg 3** (04.667.101) 112094 Mál nr. BN049867
661009-2090 Þrek ehf, Sundlaugavegi 30A, 105 Reykjavík
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir jarðvegsskiptum og gerð púða undir nýbyggingu að Austurbergi 3, sbr. erindi BN049606.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
- Austurstræti 8-10** (01.140.404) 100847 Mál nr. BN049849
700498-2049 Reitir III ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að fjölga gestum úr 200 í 250 í veitingastað í rými 0102 á 1. hæð í húsi á lóð nr. 8-10 við Austurstræti.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
- Ármúli 9** (01.263.001) 103518 Mál nr. BN049332
500210-0440 Reitir Hótel Ísland ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi, BN047780, þannig að breytt er fyrirkomulagi skurðstofa, lyftuhús verður stækkað og komið fyrir lyfturými ofan á þaki, komið fyrir súrefnisgeymslu undir stigapalli á norðurhlið og sorpi komið fyrir við lóðarmörk að Suðurlandsbraut 12 á lóð nr. 9 við Ármúla .
Brunahönnunarskýrsla dags. í júní 2014 fylgir erindi.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. maí 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2015. Stækkun: 32,5 ferm., 91,6 rúmm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda heilbrigðiseftirlits á umsóknarblaði.

4. **Baldursgata 16** (01.186.202) 102231 Mál nr. BN049354
680289-1079 Bú ehf., Baldursgötu 14, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi íbúðar 0301 og byggja svalir á suðurhlíð (bakhlið) þakhæðar, einnig er sótt um leyfi til að byggja svalir og stiga ofan í garð frá íbúð á 1. hæð fjölbýlishússins á lóðinni nr. 16 við Baldursgötu.
Erindi var grenndarkynnt frá 25. júní til 23. júlí 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Hafsteinn Helgason dags. 19. júlí 2015, Óli Þór Barðdal og og M. Agnes Jónsdóttir dags. 23. júlí 2015 og Kolbrún Björnsdóttir dags. 23. júlí 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júlí 2015.
Jafnframt er erindi BN047413 dregið til baka.
Meðfylgjandi er yfirlýsing hönnunarstjóra dags. 15.4. 2015, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 8.6. 2015 og útskýring á eignarhaldi dags. 8.6. 2015.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 29. júlí 2015.
5. **Brekkugerði 4** (01.804.404) 107752 Mál nr. BN049668
120479-4829 Hjalti Gylfason, Brekkugerði 4, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja nýjan steinsteyptan bílskúr að vestanverðu, koma fyrir geymslukjallara undir verönd 0102 og steypa lágan stoðvegg á lóðamörkum nr. 6 og 8 við Brekkugerði á lóð nr. 4 við Brekkugerði.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. ágúst 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. ágúst 2015.
Bílskúr stærð: 33,4 ferm., 84,9 rúmm.
Geymslukjallari: 36,3 ferm., 98,0 rúmm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Lagfæra skráningu.
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu. Vísað er til uppdráttar nr. 101, 102 og 103 síðast breytt dags. 9. júlí 2015.
6. **Bæjarháls 1** (04.309.601) 190769 Mál nr. BN049662
580613-1360 Foss Fasteignafélag slhf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að útbúa geymslu vestan við mhl. 08 og gerð er grein fyrir endurnýjun á inntaks- og útsogsventlum á þaki mhl. 03 á lóð nr. 1 við Bæjarháls.
Stækkun: 78,2 ferm., 256,7 rúmm.
Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
7. **Fellsmúli 24-30** (01.297.101) 103858 Mál nr. BN049847
540206-2010 N1 hf., Dalvegi 10-14, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi í mhl. 01 þannig að ?? í húsinu nr. 24 lóð 24-30 við Fellsmúla.
Umsögn brunahönnuðar fylgir dags. 26. maí 2015.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

8. **Garðsstaðir 56** (02.427.107) 178525 Mál nr. BN049821
050571-2979 Böðvar Bjarki Þorvaldsson, Garðsstaðir 56, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að afmarka sérnotafleti við tvíbýlishús á lóð nr. 56 við Garðsstaði.
Samþykki meðeigenda dags. 5. ágúst 2015 fylgir erindi.
Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
9. **Gefjunarbrunnur 1-3** (02.695.201) 205968 Mál nr. BN049620
520215-0420 Bívar Byggir ehf., Stararima 7, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tveggja hæða parhús með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 1-3 við Gefjunarbrunn.
Erindi fylgir útreikningur á varmatapi dags. 3. júlí 2015.
Stærð mhl. 01, 230,7 ferm., mhl. 02, 230,7 ferm.
Samtals: 461,4 ferm., 1.565,6 rúmm.
Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
10. **Gerðarbrunnur 20-22** (05.056.404) 206055 Mál nr. BN049836
181173-4679 Kristján Hörður Steinarsson, Víkurbakki 22, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja 1,9-2,2 metra háan steinsteyptan stoðvegg á lóðamörkum við Úlfarsbraut við hús á lóð nr. 20-22 við Gerðarbrunn.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
11. **Grandagarður 15-37** (01.115.001) 100045 Mál nr. BN049692
450187-2089 Tilefni ehf., Þórunnartúni 2, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta kökuhús í flokki I teg. ? í verbúð nr. 19 á lóð nr. 15-37 við Grandagarð.
Erindi fylgir leigusamningur við Faxaflóahafnir dags. 1. maí 2015, óundirritaður og minnisblöð frá hönnuði dags. 30. júlí og 17. ágúst 2015.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits á umsóknarblaði.
12. **Grensásvegur 12** (01.295.406) 103853 Mál nr. BN048915
440612-1050 Hraunbrekka ehf., Fýlshólum 6, 111 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja inndregna hæð ofan á mhl. 01 og innrétta í honum 24 íbúðir í húsi á lóð nr. 12 við Grensásveg.
Meðfylgjandi eru skýringar sem sendar voru í tölvupósti 24. júlí 2015.
Meðfylgjandi eru umsagnir skipulagsfulltrúa dags. 15. ágúst 2014 og 22. janúar 2015.
Stækkun mhl. 01: 558,3 ferm., 1.863,4 rúmm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.
Vísað er til uppdráttar nr. A.01.1B, 6 og 7. Síðast breytt 13. ágúst 2015.
13. **Grensásvegur 13** (01.465.001) 105680 Mál nr. BN049368
621101-5010 Útlitslækning ehf, Stigahlíð 45-47, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta eignarhluta 0301 úr skrifstofum í lækna- og tannlæknastofur í húsinu á lóð nr. 13 við Grensásveg.
Samþykki meðeigenda ódags. fylgir.

Gjald kr. 9.823 + 9.823

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

14. **Grettisgata 19B** (01.172.229) 101483 Mál nr. BN049855

630513-1460 Lantan ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að innrétta kaffistofu starfsfólks í Sandholtsbakarí á 1. hæð í húsi á lóð nr. 19B við Grettisgötu.

Gjald kr. 9.823

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

15. **Hafnarstræti 19** (01.118.503) 100099 Mál nr. BN048059

501298-5069 Sjöstjarnan ehf., Rafstöðvarvegi 9, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja hótél í flokki V með 50 herbergjum sem verður tengt við hús á lóðinni í Hafnarstræti 17, sótt er um að rífa húsið vegna bágs ástands á steypuvirki og byggja nýbyggingu þar sem frontur að Hafnarstræti verður endurbyggður í núverandi mynd, steinsteypt og einangrað að innan, verslunarrými á jarðhæð með flötu þaki og verður 4. hæð inndregin Hafnarstrætismegin á lóð nr. 19 við Hafnarstræti .

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. október 2014 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2014.

Einnig fylgir greinargerð vegna hljóðvistar dags. í nóvember 2014, brunahönnun frá Mannvit dags. 2. febrúar 2015, útreikningur á varmatapi dags. 3. febrúar 2015, skýrsla um ástandsskoðun og prófanir frá Mannvit dags. 22. janúar 2015, minnisblöð frá verkfræðistofunni Hnit dags. 8. apríl, 18. júlí, 18. nóvember og 21. og 27. nóvember 2014 og 20. janúar 2015, umsagnir Minjastofnunar Íslands dags. 9. september og 4. desember 2014 og 12. janúar og 9. febrúar 2015 og 23 febrúar, bréf frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 3. febrúar 2015, bréf frá verkfræðistofunni Hnit dags. 9. febrúar 2015, bréf frá hönnuði dags. 19. febrúar 2015 og umsögn fagrýnihóps byggingarfulltrúa dags. 20. mars 2015. Umsögn byggingarfulltrúa um niðurrif á Hafnarstræti 19 dags. 30. mars. 2015.

Áður byggt skv. FMR 1.133,2 ferm., 3.696,0 rúmm.

Niðurrif: 1.108,3 ferm., 3.645,0 rúmm.

Stækkun alls 739,6 ferm., 3.066,5 rúmm.

Stærðir nýs hús: 1.877,4 ferm. , 6.762,5 rúmm.

Gjald kr. 9.500 + 9.823

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fokhaldi.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

16. **Haukdælabraut 62** (05.114.705) 214807 Mál nr. BN049848
 010160-5379 Haraldur Haraldsson, Stararimi 7, 112 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN049535, anddyri er minnkað, hús lækkað og þakkantur breytist í húsi á lóð nr. 62 við Haukdælabraut.
 Minnkun: XX ferm., XX rúmm.
 Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
17. **Háaleitisbraut 58-60** (01.284.401) 103735 Mál nr. BN049615
 510608-1270 Eignarhaldsfélagið Hnit ehf., Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík
 670988-1049 Húsfélagið Háaleitisbraut 58-60, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík
 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri snyrtistofu í rými 0202, einnig er sótt um leyfi til að koma fyrir flóttasvölum á bakhlið, breyta gluggum við innhorn milli vestur og norðurálmu og gera skyggni á götuhlið að flóttasvölum með því að koma fyrir handriði þar á verslunarhúsi á lóð nr. 58 - 60 við Háaleitisbraut.
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 14. ágúst 2015 fylgir erindinu.
 Samþykki frá húsfélagsfundi dags. 9. júlí 2012 fylgir erindi.
 Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
18. **Háaleitisbraut 68** (01.727.301) 107329 Mál nr. BN049120
